

1872.

15. apríl.

41. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um byggingarlóð á stiptamtmanstúninu í Reykjavík.

Í bréfi, dagsettu 3. febr. þ. á., hafð þér, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá, þar sem dómkirkjupresturinn í Reykjavík, Hallgrímur Sveinsson, hefir sókt um, að fá byggingarlóð að meðalstærð í syðra jaðrinum á túni því, sem heyrir stiptamtmannhúsinu til, meðfram hinum svo nefnda Bakarastíg, og hafð þér af þeim ástæðum, sem nákvæmar eru tilgreindar, stungið uppá, að yður verði veitt vald til, sumpart að selja nefndum presti byggingarlóð þá í suðurhluta túnsins, sem hann hefir æskt eptir, sumpart afhenda hinn hlutann af túninu, sem liggur með fram Bakarastígnum, 20 áln. að breidd, til byggingarlóða, með þeim skilmálum, sem hér skal getið:

1.) að kaupandinn að slíkri byggingarlóð skuldbindi sig og þá, sem síðan kunna að eignast lóðina, sumpart til þess, að greiða til landssjóðsins árlegt gjald, sem skal nákvæmar ákveðið eptir stærð lóðarinnar, sumpart til þess, að byggja grindur og viðhalda þeim í góðu standi, sem sè á hæð $2\frac{1}{2}$ alin, milli lóðarinnar, sem honum er fengin og túnsins, sem heyrir stiptamtmannhúsinu til, og til tryggingar þessum skuldbindingum gefa fyrsta veðréttt í lóð þeirri, sem hann hefir keypt, og í húsum þeim, sem þar kunna að verða byggð, og leyfa að kaupbréfið verði þinglesið um þetta;

2.) að kaupandinn skuldbindi sig til, að slætta inná eins árs frá því, að lóðin er fengin honum til umráða, flatarúm af túninu, sem sè jafnstórt og lóðin sjálf, þar sem stiptamtmaður vísar til, og hafa til þessa grastorf það, sem hann sker upp úr byggingarlóð þeirri, sem honum verður seld, og:

3.) að grjótið í grjótgarði þeim, sem nú stendur, eða fè það, sem fyrir það kann að fást, verði haft til að bæta túngarðinn um hitt túnið.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar, og býst við, þegar að því kemur, að fá skyrslu frá yður um þær ráðstafanir, sem gjörðar

verða í þessu tilliti, og sèr í lagi um gjald það eða þær tekjur, sem samkvæmt því, sem sagt er, kunna að falla til landssjóðsins.

1872.

15. apríl.

42. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um bólusótt.

15. apríl.

Sökum þess að bólan gengur allstaðar í Danmörku, — enda þótt minna kveði að henni fyrir utan Kaupmannahöfn — mælumst vèr til, að þèr (tit.) brýnið fyrir öllum þeim, sem hlut eiga að máli í suðuramtinu (vesturamtinu, — norður- og austuramtinu), að gæta þess kostgæfilega, sem fyrir er mælt í opnu brèfi, áhrærandi ónýting opinna brèfa af 18. maí 1787 og 27. maí 1803, dagsettu 20. júní 1838.¹⁾

43. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um reikningsskil fyrir gjaldi á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum.

15. apríl.

Um leið og vèr sendum yður (tit.) nokkur exempl. af umburðarbrèfi, sem dómsmálastjórnin hefir látið út ganga til allra amtmanna og lögreglustjóra á Íslandi um reglur, sem farið verður eftir, þegar gjöra skal reikning þann, sem fyrir er mælt í tilskipun handa Íslandi um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, 26. febr. 1872, — en þetta umburðarbrèf er beinlínis sent hëðan lögreglustjórunum —, mælumst vèr til, að þèr brýnið fyrir öllum hlutadeigendum, að gæta þess kostgæfilega, sem fyrir er mælt í lögum 15. apríl 1854, að útland skip skuli koma við á einhverri af þeim höfnum, sem nefndar eru í 2. grein, áður en þau sigla upp á aðrar hafnir á Íslandi.

¹⁾ Lovsamling for Island, XI., 245.